

Reykjavík 12. september 2016

Varðar: Tillögu til þingsályktunar 145. löggjafarþings 2015-2016. Þingskjal 1419 – 804. mál.

Aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu

Umsögn:

Á undanförmum árum og áratugum hafa Íslendingar átt gott samstarf við marga erlenda rannsóknarhópa og fjölbjóðlegar stofnanir á sviði raunvísinda og tækni. Fram að þessu hefur slík samvinna reynst okkur ákaflega vel. Við höfum nær undantekningarlaust fengið framlag okkar riflega til baka, meðal annars með þátttöku í mikilvægum rannsóknar- og þróunarverkefnum, sem að öðrum kosti hefðu reynst okkur fjárhagslega ofviða. Slík samvinna hefur ekki aðeins veitt aðgang að nýjustu rannsóknarniðurstöðum og þekkingu og auðveldað samskipti við erlenda sérfræðinga á viðkomandi sviðum, heldur jafnframt stuðlað að bættri þjálfun ungra vísinda- og tæknimanna og haft hvetjandi áhrif á rannsóknir og nýsköpun hér heima. Heildaráhrifin eru aukin vöxtur og viðgangur raunvísinda og tækni á Íslandi.

Meðal annars af þessum sökum ber að fagna tillögunni um aðild Íslands að ESA, Geimvísindastofnun Evrópu. Aðildin myndi án efa verka sem vítamínsprautu á þróun hátæknistarfsemi hér á landi og efla atvinnuöfguleika á sviði raunvísinda og tækni. Tekið skal undir með flutningsmönnum tillögunnar, að fyrst um sinn yrðu það þó einkum verkefni tengd hugbúnaði sem hingað bærust frá ESA. Án tillits til þess hvernig þau mál þróast, er sérlega mikilvægt að huga vel að innviðum hér heima til að halda utan um aðildina, meðal annars það sem snýr að dreifingu upplýsinga og gagna af öllu tagi. Jafnframt þarf að tryggja að þátttaka í ESA-samstarfinu komi sem viðbótarframlag til íslenska vísinda- og tæknisamfélagsins og skerði ekki framlag ríkisins til annarra mikilvægra verkefna.


Auk fyrirsjáanlegrar eflingar hátækni- og hugbúnaðarstarfsemi myndi aðild að ESA tvímælalaust styrkja stöðu margra sviða raunvísinda hér á landi og opna nýjar leiðir til framsækinnar grunnrannsóknar og samvinnu við erlenda vísindamenn. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru nokkur fræðasvið nefnd, en hér verður athyglinni fyrst og fremst beint að einu þeirra, stjarnvísindum. Á því sviði stunda athugunarstöðvar (gervitungl) á vegum ESA um þessar mundir rannsóknir á vetrarbrautarkefni (*Gaia*), gammageislun (*Integral*) og röntengeislun (*XMM*) í geimnum, reikistjörnunni Mars (*Mars Express* og *ExoMars*) og halastjörnum (*Rosetta*).

Á næstu árum og áratugum er ESA með áætlanir um að senda út í geim nokkrar mikilvægar athugunarstöðvar. Fyrir utan stöðvar til rannsókna á jörðinni sjálfri og segulsviði hennar er meðal annars ætlunin að stunda frekari rannsóknir á sólkerfinu (*BepiColombo* 2018 og *Juice* 2022; ártölin gefa til kynna áætluð skotár), sólinni (*Solar Orbiter* 2018), fjarreikistjörnum (*Cheops* 2018 og *Plato* 2024), alheimi á innrauða sviðinu (*James Webb Space Telescope* 2018), huldufni og hulduorku (*Euclid* 2024), röntgengeislun (*Athena* 2028) og þyngdarbylgjum (*Lisa* 2028).

Um þessar mundir eru helstu rannsóknarverkefni stjarnvísindamanna Háskóla Íslands á sviði gamma-blossa, huldufnis, geimgeisla í Vetrarbrautinni og heimsfræði. Tækifæri til að hafa áhrif á rannsóknarverkefni athugunarstöðva eins og *James Webb Space Telescope*, *Euclid*, *Athena* og *Lisa* og frjálsan aðgang að ESA-gögnum og vísindamönnum ESA-samstarfsins væri mikilvæg viðbót við núverandi starfsemi og myndi án efa hvetja stjarnvísindamenn Háskólans til enn frekari dáða. Það er því full ástæða til þess að mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Umsögn þessi er unnin í samráði við samfélag stjarnvísindamanna við Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,



Einar H. Guðmundsson

Prófessor í stjarnfræði við Háskóla Íslands - Tölvupóstur: einar@hi.is ; Sími: 8626192